122 launa þeirra, er greiðast til emeritprestanna í Kálfholts prestakalli og Sauðlauksdals
4. nóv. prestakakalli af tekjum nefndra brauða, vil jeg í framhaldi af brjefi mínu, dagsettu 31. f. m., hjermeð samþykkja, að af þeirri 300 kr. uppbót, sem ætluð hafði verið Desjarmýri af því fje, sem talið er í fjárlaganna 13. gr. A b. 2 fyrir 1884 tilfalli Kálfholts prestakalli 100 kr. og Sauðlauksdals prestakalli 50 kr., og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg ekki hefi sjeð mjer fært að veita Sauðlauksdals prestakalli fyrir eitt ár hærri uppbót alls en 250 kr., að þeim 200 kr. meðtöldum, sem veittar voru með brjefi mínu 10. marzmán. þ. á., því þarsem eptirlaunabyrði sú, er nú sem stendur hvílir á brauði þessu eptir skýrslu yðar aðeins nemur 249 kr. 14 a., þá hefir brauð þetta með hinni veittu upphæð fengið fulla uppbót fyrir það sem frá því gengur til emeritprestsins, og með því brauðinu engin uppbót er ákveðin hvorki í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 nje í síðari lögum, má þannig álíta, að hlutaðeigandi prestur hafi fyrir uppbótina þær tekjur óskertar, sem í hinum gildandi lögum er ætlast til að embætti hans fylgi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um gildi**
123 **prófs í yfirsetufræði.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 18. sept. þ. á, hafið þjer, herra
8. nóv. amtmaður, skýrt frá því, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hafi farið þess á leit, að stúlkan Margrjet Grímsdóttir yrði af amtinu skipuð yfirsetukona í 1. yfirsetukvennaumdæmi Skagafjarðarsýslu, en með tilliti til þess að yfirsetukona þessi hafi að nokkru leyti notið kennslu hjá hjeraðslækninum í 10. læknishjeraði, Helga Guðmundssyni, sem eigi er í tölu þeirra lækna, sem með yfirsetukvennalögum 17. desember 1875 eru löggiltir til að *kenna* yfirsetukonum og prófa þær, hafið þjer beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort amtið megi skipa nefnda stúlku sem yfirsetukonu og hvort hún geti átt von á að fá allan kennslukostnaðinn endurgoldinn úr landssjóði.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því það sjest af ofannefndu brjefi yðar, að auk galla þess, sem þjer hafið bent á að verið hafi á *kennslu* fyrnefndrar yfirsetukonu, hefur hún þarðauki verið prófuð af læknaskólakandídat Þorgrími Þórðarsyni, sem hjeraðslæknirinn í 11. læknishjeraði fjekk í sumar til að gegna embætti sínu í fjarveru sinni erlendis, en sem ekki hafði enn fullnægt skilyrðum þeim sem sett eru fyrir því að geta orðið hjeraðslæknir á Íslandi, einkanlega því að hafa gengið á fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, þá get jeg ekki álitið, að stúlka sú, sem hjer ræðir um, hafi eptir kennslu þá, er hún hefur notið, og með prófi því, sem hún hefur tekið hjá nefndum læknaskólakandidat, náð þeim hæfilegleika, sem útheimtist til að geta orðið skipuð yfirsetukona á Íslandi, einsog líka kostnaðurinn til slíkrar kennslu og prófs eigi getur orðið endurgoldinn úr landssjóði.

124 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um bann**
12. nóv. **gegn veitingasölu áfengra drykkja á sunnu- og helgidögum.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. sept. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að lögreglustjórarnir í amti yðar hafi haft ýmsan skilning á opnu brjefi 26. sept. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, sjerstaklega að því er snertir